

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 57/2022

frá 18. mars 2022

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/646 frá 19. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja með tilliti til neyðarkerfis þeirra fyrir akreinastýringu (ELKS) ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 52a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/535) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„52b. **32021 R 0646**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/646 frá 19. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2144 að því er varðar samræmdar verklagsreglur og tækniforskriftir fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja með tilliti til neyðarkerfis þeirra fyrir akreinastýringu (ELKS) (Stjtið ESB L 133, 20.4.2021, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/646, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 133, 20.4.2021, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 55/2022 frá 18. mars 2022 ⁽²⁾,
eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og
EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽²⁾ Verður birt.